

GRÆNIR HÆLAR

ÚTGÁFA · NÁMSKEID · SÁDGJÓR

23. september 2013

Bæjarráð Hafnarfjarðar
Bæjarskrifstofurnar í Hafnarfirði
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

Ágæta bæjarráð,

Sem umboðsaðili umhverfisvottunarsamtakanna **EarthCheck** – www.earthcheck.org - hér á landi sendi ég ykkur þetta kynningarbréf ef vera skyldi áhugi hjá bæjarráði á því að Hafnarfjörður staðsetji sig sem umhverfisvottað sveitarfélag, með því að fara í **EarthCheck** vottun, en þau vottunarsamtök eru þau einu í heiminum sem votta sveitarfélög og borgir.

Í vottun felst eftirfarandi:

1. Skýr stefna í umhverfismálum - með umhverfisstefnu
2. Framtíðarmarkmið fyrir Hafnarfjörð, t.d. með 3-5 markmiðum um úrbætur í umhverfismálum á ári – getur t.d. falist í því að planta fleiri trjám
3. Umhverfislegt aðhald og ábyrgð í rekstri bæjarins
4. Skil einu sinni á ári á tölfraði um rekstur bæjarfélagsins, orkunotkun og fleira – sjá nánar aftar í bréfinu – svokallað Benchmarking – slíkar tölur mega eigi vera eldri en 10 mánaða, svo ef bæjarráð tæki ákvörðun um að fá umhverfisvottun fyrir Hafnarfjörð væri til dæmis hægt að skila inn töluum fyrir 2013 strax eftir áramót og fá Benchmarking út á þær.
5. Úttekt fyrir vottun (næsta stig á eftir Benchmarking), þegar bærinn teldi sig tilbúinn til þess – gæti t.d. orðið beint í framhaldi af Benchmarking eða næsta ár á eftir – Hér á landi starfar úttektaraðili fyrir **EarthCheck** svo ekki þarf að kalla til aðila utanlands frá.
6. Skráning hjá Hafnarfjarðarbæ á ferlum sem snúa að vottun
7. Leiðbeiningar og fræðsla til starfsmanna
8. Stefna Hafnarfjarðarbæjar um að aðlaga starf sitt að umhverfismarkmiðum sínum

Kostnaður:

Kostnaður við vottun er þríþættur. Skráningargjald sem greitt er einu sinni, árgjald og síðan kostnaður við úttekt, þegar hún fer fram:

1. Skráningargjaldið er AUD 7.500 = um 900.000 IKR* en AUD helst oftast í hendur við USD en er þó ívið lægri.

Grænir Hælar ehf. – www.graenirhaelar.is

Postnúmer:	Hafnarfjarðarbær
Tíðindi:	25.9.2013
Litáðar:	1309580
Erfidal:	460

1

2. Árgjaldið er AUD 3.800 = um 460.000 IKR*
 3. Kostnaður við úttekt er = AUD 2.200 fyrir fyrsta dag, AUD 1.500 fyrir hvern dag þar á eftir. Fyrir Hafnarfjörð er lauslega áætlað að hægt sé að gera ráð fyrir eins dags vinnu eða um 264.000 IKR.*
- * Ath að verð miðast við gengi hverju sinni sem eru breytilegt.

Skil vegna Benchmarking úttektar og vottunar:

Tölfræðileg gögn sem þarf að skila

Mælingar	Safnað af...
Heildarlandsvæði bæjarfélagsins (ha)	
Ársverk hjá bæjarfélaginu	
Orkunotkun (raforka-önnur orka)	
Vatnsnotkun/sparnaður/endurvinnsla	
Sorp sem til fellur	
Magn gróðurhúsalofttegunda	
Notkun á pappírvörum	
Hreinsiefnanotkun	
Notkun á eiturefnum – illgresieyði o.fl.	
Gæði vatnsfarvega	
Verndun búsvæða	
Fjöldi vottaðra fyrirtækja í ferðapjónustu	

Gera má ráð fyrir að mikill meirihluti þessara upplýsinga sé þegar til eða liggi auðveldlega fyrir hjá sveitarfélagini. Þegar búið er að safna saman gögnum, tekur yfirleitt um 1-2 daga að setja upplýsingarnar inn í gagnagrunn á netinu. Upplýsingarnar eru síðan sendar til **EarthCheck**, þar sem þær eru bornar saman við alþjóðlega staðla.

Umhverfissvið Hafnarfjarðarbæjar er væntanlega þegar með flesta þessa ferla í vinnu nú þegar og því myndi vottunarferlið falla þar inn og ekki gera kröfum um sérstakan starfsmann.

Miðað er við að tölurnar sem skilað er inn til Benchmarking séu fyrir ofan „grunnlinu“, en frá henni og upp að línu sem markar „bestu frammistöðu“ getur bæjarfélagið svo sífellt bætt sig.

Með vottun væri Hafnarfjarðarbær að setja umhverfisvinnu sína innan mælanlegs ramma, sem sýnir augljóslega framfarirnar og fá úttekt 3ja aðila á því starfi sem þegar fer fram í umhverfismálum.


Aðstoð:

Undirrituð hefur farið í gegnum þjálfun hjá **EarthCheck** og getur því veitt aðstoð ef á þarf að halda meðan verið er að fara í gegnum fyrsta Benchmarking ferlið. Jafnframt hefur Stefán Gíslason umhverfisstjórnunarfræðingur hjá Umís unnið með Sveitarfélögunum á Snæfellsnesi í þeirra vottunarferli.

Óski bæjarráð eftir nánari kynningu á **EarthCheck**, er sjálfsagt að mæta á fund með því og kynna ferlið og hvaða hagur, umhverfislegur og markaðslegur, er af því fyrir Hafnarfjarðarbæ.

Hægt er að ná í undirritaða í síma 698-3815 og í netfanginu utgafa@graenirhaelar.is

Með vinsemdu og virðingu



Guðrún Bergmann, frkvstj Grænna Hæla ehf.